

Sent umhverfissráðuneytinu

Reykjavík 20. maí 2003  
2003040012/016-0  
HT/hj

## Umsögn um umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi í Vestmannaeyjum

Með bréfi dagsettu 15. apríl 2003 óskar Umhverfissráðuneytið umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi umsókn Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarleyfi í Vestmannaeyjum og fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi vegna mögulegrar jarðhitanýtingar þar.

Svæðið sem um er að ræða liggur suð-austan við Helgafell og er stefnt að lagningu hitaveitu í þéttbýlið ef nægilegt vatn fæst til þess. Enginn jarðhiti er á yfirborði í Vestmannaeyjum utan hitans í gíg Eldfells, sem gaus 1973. Miðað við hita í djúpri rannsóknarholu (1565 m) frá 1965 hefur verið talið að unnt væri að ná nýtanlegum jarðhita á um eða yfir 900 m dýpi. Væntanleg hola miðast við að ná niður á um 2000 m dýpi. Auk djúprar holu þarf að bora 30-40 m djúpa vatnsholu við borstæðið til að ná kælivatni (skolvatni) til borunar. Ekki er að sjá miðað við fyrirliggjandi gögn að borholur og tilheyrandi borplön valdi umtalsverðu raski á svæðinu. Haft var samband við Ingvar Atla Sigurðsson, Náttúrustofu Suðurlands og var hans niðurstaða sú sama.

### Umsögn:

Náttúrufræðistofnun Íslands telur sjálfsagt að veita rannsókn- og nýtingarleyfi til borunar eftir heitu vatni í Vestmannaeyjum, enda stuðlar það að jávæðum orkubúskap á staðnum og gæti lækkað kostnað bæjarbúa við húshitun. Þó er mælt með að samráð verði haft við Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum er að framkvæmdum kemur svo ekki verði í ógáti unnin spjöll á jarð- eða lífminjum á svæðinu og vegna förgunar affalls úr holum.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

